

byggingu bifreiða á bifreiðaverkstæði hefur hann ekki fjárhagslega hagsmuni af því að vera félagsmaður í verkamannafélaginu Þór, þar eð samningar um kaup og kjör trésmiða falla ekki innan starfssviðs þess. Ber því að sýkna stefnda. Rétt þykir að stefnandi greiði stefnda málskostnað, kr. 300.00.

Dómsorð mitt verður því svo:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Grímssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Laugardaginn 5. febrúar 1949.

Nr. 1/1949.

**Alþýðusamband Íslands f. h.**  
**Vörubílstjórafélagsins Þróttar**  
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands f. h.**  
**h/f Eimskipafélags Íslands**  
(Eggert Claessen hrl.)

Ágreiningur um ákvæði kjarasamnings um forgangsrétt vörubílstjóra.

### Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi af Alþýðusambandi Íslands f. h. vörubílstjórafélagsins Þróttar í Reykjavík gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. h/f Eimskipafélags Íslands með stefnu útgefinni 13. janúar þ. á.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að dæmt verði, að flutningar Eimskipafélags Íslands h/f á vörum og varningi frá skipum sínum og afgreiðslum hér í Reykjavík með eigin bifreiðum og flutningatækjum til Keflavíkurflugvallar, sem fram hafa farið undan farið og nú fara fram af og til, séu brot á 2. gr. samnings, dagsetts 9. sept.

1948, milli Vinnuveitendasambands Íslands annars vegar og vörubílstjórafélagsins Þróttar hins vegar.

2. Að dæmt verði, að framangreindir flutningar með bifreið frá Agli Vilhjálmssyni h/f 30. des. f. á. og samskonar flutningar með bifreið frá Almenna Byggingarfélaginu h/f 6. janúar s.l. séu brot á 2. gr. framangreinds samnings.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málsatvik eru þessi:

Í byrjun árs 1947 samdi Eimskipafélag Íslands h/f við amerískt firma um flutning á vörum frá New York til Keflavíkurflugvallar. Vörum þessum hefur að jafnaði verið skipað upp í Reykjavík og þær síðan fluttar á bifreiðum suður á Keflavíkurflugvöll. Hafa þeir flutningar yfirleitt farið fram með vörubifreiðum frá vörubílstjórafélaginu Þrótti, en þó hefur Eimskipafélag Íslands h/f síðan í maí 1947, er flutningar þessir hófust, notað til þeirra þeirra eina og síðar tvær vörubifreiðar auk hjólsleða, sem dreginn er af dráttarbifreið, en tæki þessi átti félagið sjálft.

Í nóvembermánuði s.l. kom til nýrra samninga milli Eimskipafélags Íslands h/f og hins ameríska firma. Og þar sem firmað vildi fá lækkun á flutningsgjöldum átti framkvæmdarstjóri Eimskipafélags Íslands h/f tal um það við forráðamenn Þróttar, hvort ekki fengist lækkun á akstursgjöldum bifreiðafélagsins frá Reykjavík til Keflavíkurflugvallar. Ekki tókust samningar um þetta atriði milli Þróttar og eimskipafélagsins og nokkru síðar sömdu Eimskipafélag Íslands h/f og ameríska firmað á ný um vöruflytninga frá New York til Keflavíkur um Reykjavík. Mun þá hafa verið samið um lægri flutningsgjöld en áður var. Með því að samningar höfðu ekki tekizt milli Eimskipafélags Íslands h/f og Þróttar um akstur til Keflavíkur fyrir það gjald, sem eimskipafélaginu þótti viðunandi, með tilliti til þeirrar lækkunar, er orðið hafði á flutningsgjöldum, hóf félagið flutninga til Keflavíkurflugvallar með 4 vörubifreiðum, er það átti sjálft, og jafnframt notaði það til flutninganna hjólsleða þann, sem að framan greinir. Mun

hann geta borið um 16 smálesta þunga og er aðallega notaður til flutnings á vöru, sem venjulegar bifreiðar geta ekki borið.

Vörubílstjórafélagið Þróttur telur, að þessir flutningar Eimskipafélags Íslands h/f séu brot á 2. gr. sammings, dags. 9. sept. f. á., milli Vinnuveitendasambands Íslands og Þróttar, en grein þessi hljóðar svo:

„Vinnuveitendafélag Íslands skuldbindur sig til þess að láta fullgilda féлага „Þróttar“ hafa forgangsrétt til bifreiðaleigu handa félagsmönnum Vinnuveitendafélagsins (svo). Meðlimir Vinnuveitendafélagsins hafa ávallt frjálst val um það, hvaða féлага Þróttar þeir taka til vinnu. Þessi ákvæði skerða í engu rétt félagsmanna Vinnuveitendafélagsins til að nota í eigin þjónustu bifreiðar sínar.“

Eimskipafélag Íslands h/f vildi ekki fallast á þenna skilning stefnanda og höfðaði hann því mál þetta og gerir þær kröfur, er að framan greinir.

Verða þær nú teknar til athugunar.

Um 1. Stefnandi rökstyður kröfur sínar í þessum lið með því, að umrædd notkun eigin bifreiða Eimskipafélags Íslands h/f til vöruflutninga þeirra, sem hér um ræðir, sé ekki notkun í „eigin þjónustu“, þar sem eimskipafélagið sé hér að annast flutninga á vörum fyrir annan aðilja. Heldur stefnandi því fram, að samkvæmt 2. gr. nefnds sammings sé það aðalreglan, að félagsmenn Þróttar eigi að sitja fyrir um allan akstur og nái heimild vinnuveitenda til að nota bifreiðar í „eigin þjónustu“ aðeins til þess, er vinnuveitandi á bæði bifreiðina, sem notuð er, og vöruna, sem ekið er.

Stefndi hefur mótmælt framangreindum skilningi stefnanda. Kveður hann Eimskipafélag Íslands h/f hafa samið um að flytja umrædda vöru frá New York til Keflavíkur um Reykjavík og sé það því tvímælalaust notkun í eigin þjónustu, er félagið flytji vörur þessar með bifreiðum sínum og flutningatækjum þangað. Þetta sé og í samræmi við þann hátt, sem verið hafi hingað til, að félagið flytti með eigin tækjum varning milli skipa og vörugeymsluhúsa sinna, þó að það væri ekki eigandi varanna. Hafi slík notkun eigin bifreiða eða tækja ætíð verið látin óátalin af Þrótti, og enda ekki af hálfu Þróttar fundið að þeim flutningum eimskipafélagsins til

Keflavíkurflugvallar, sem átt hafi sér stað frá því í maí 1947 til ársloka 1948. Þá bendir hann og á það til stuðnings skoðun sinni, að á s.l. sumri hafi Þróttur farið fram á, að niðurlagsákvæði 2. gr. yrði breytt svo, að þar stæði, að vinnuveitendum skyldi heimilt „að nota eigin bifreiðar í allan akstur, er stendur í beinu sambandi við atvinnurekstur þeirra. Þó er þeim óheimilt að leigja öðrum bifreiðar sínar eða taka sérstakt gjald fyrir þær.“ Telur stefnandi, að þetta sýni glögggt, að Þróttur hafi þá lagt víðtækari skilning í umdeilt ákvæði, en hann nú heldur fram.

Stefnandi mótmælir því, að hann hafi beint eða óbeint samþykkt skilning og framkvæmd stefnda á 2. gr. nefnds samnings. Hann hafi þvert á móti fundið að flutningum Eimskipafélags Íslands h/f með eigin bifreiðum, þó að hann hafi ekki gert reka af því með málssókn, að fá þá stöðvaða, þar sem þeir hafi allt til s.l. áramóta verið í smáum stíl. Einnig mótmælir hann því, að í breytingu þeirri á 2. gr., sem Þróttur fór fram á s.l. sumar, hafi átt að felast efnisbreyting, heldur hafi aðeins vakað fyrir Þrótti, að fá skýrar tekið fram, hvað í síðustu málsg. 2. gr. fælist.

Það verður að teljast grundvallarregla, að vinnuveitendum sé frjálst að nota tæki sín til starfsemi sinnar yfirleitt, nema þeir hafi með samningum undirgengizt annað eða slíkt sé takmarkað með lögum ákvæðum yfirvalda. Þessi regla virðist og vera undirstaða ákvæða 2. gr. nefnds samnings frá 9. sept. 1948. Samkvæmt því, sem upp er komið í máli þessu, hefur og ekki verið um það fengizt af hálfu Þróttar, þótt Eimskipafélag Íslands h/f notaði *eigin* flutningatæki til flutninga á vörum frá skipi til geymsluhúsa og gagnkvæmt, ásamt bifreiðum félagsmanna Þróttar, þó að vörur þær, er fluttar voru, væru ekki eign félagsins. Samkvæmt málflutningnum verður að byggja á því, að samningar eimskipafélagsins og ameríska firmans um vöruflutninga þá, er að framan greinir, séu með þeim hætti, sem stefndi hefur lýst, og að ekki sé samið um sérstakt flutningsgjald milli Reykjavíkur og Keflavíkur. Þegar þetta er athugað og það, að starfsemi Eimskipafélags Íslands h/f er flutningar, verður ekki talið, að umdeildir flutningar séu brot á 2. gr. samningsins frá 9.

sept. s.l., enda er það ekki sannað gegn mótmælum stefnda, að fundið hafi verið að þeim af hálfu Þróttar fyrr en í desember s.l.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda að því er þennan kröfuflið snertir.

Um 2.

a. Stefndandi telur, að 6. janúar síðastliðinn hafi Eimskipafélag Íslands h/f fengið dráttarbifreið hjá Almenna Byggingarfélaginu h/f til þess að draga frá Reykjavík til Keflavíkurflugvallar hjólsleða, sem á var olúgeymir. Gegn eindregnum mótmælum stefnda er ekki sannað, að þessi flutningur hafi á nokkurn hátt farið fram á vegum Eimskipafélags Íslands h/f og ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af kröfum stefnanda að þessu leyti.

b. Hinn 30. des. s.l., er dráttarvagn Eimskipafélags Íslands h/f skyldi draga til Keflavíkurflugvallar frá Reykjavík hjólsleða félagsins, sem hlaðinn var m. a. timbri og annarri þunga-vöru, bilaði hann. Var þá fengin dráttarbifreið frá hlutafélaginu Agli Vilhjálmsyni og dró hún hjólsleðann til flugvallarins. Stefndandi telur, að þessir flutningar hafi verið brot á 2. gr. nefnds samnings. Eimskipafélaginu hafi samkvæmt framán greindu verið óheimilt að flytja með eigin tækjum flutning, sem bifreiðar Þróttar hefðu getað annað, en timbur það, sem á sleðanum var, hafi auðveldlega mátt flytja á bifreiðum. Auk þess hafi eimskipafélaginu verið óheimilt að fá tæki frá öðrum en Þrótti til flutnings á timbrinu.

Stefndi hefur með vísun til framan greindra raka talið sér heimila notkun eigin tækja til flutnings þessa og mótmælt því, að hér hafi verið um bifreiðaleigu að ræða samkvæmt framangreindum samningi, enda hafi a. m. k. að nokkru leyti verið á hjólsleðanum vara, sem ekki varð flutt með venjulegum bifreiðum.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, var a. m. k. nokkuð af vöru þeirri, sem flutt var á hjólsleðanum 30. des. f. á. timbur, sem flytja hefði mátt á venjulegum vörubifreiðum. Að vísu var bifreið sú, sem fengin var til dráttar hjá Agli Vilhjálmsyni h/f, ekki venjuleg vöruflytningabifreið, en með tilvísun til forgangsréttarákvæða 2. gr. samningsins frá 9.

sept. f. á. verður að telja, að það hafi verið andstætt ákvæðum greinarinnar, að Eimskipafélag Íslands h/f fékk tæki hjá öðrum en Þrótti til flutnings á vörum, sem voru tækar bifreiðum, fyrst félagið flutti þær ekki með eigin tækjum, sem því samkvæmt framansögðu hefði verið heimilt. Ber því að taka til greina kröfu stefnanda, að því er varðar þá bifreiðatæku vöru, sem flutt var 30. des. f. á.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

#### Dómsorð:

Dráttur sá á hjólsleða h/f Eimskipafélags Íslands, sem fór fram 30. des. f. á. með dráttarbifreið frá Agli Vilhjálmssyni h. f., var andstæður 2. gr. samnings þess frá 9. sept. 1948, er í málinu greinir, að því er varðar vörur þær á hjólsleðanum, sem fluttar urðu með venjulegum vöruflutningabifreiðum.

Að öðru leyti á stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. h/f Eimskipafélags Íslands, að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. vörubílstjórafélagsins Þróttar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

---